
Fornleifarannsókn vegna framkvæmda í Ólafsdal í Gilsfirði 2022



HILDUR GESTSDÓTTIR

AÐRIR HÖFUNDAR EFNIS: KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2024

FS963-22381



*Forsíðumyndin er drónamynd af bæjarstæði Ólafsdals á meðan á rannsókn stóð. Horft í suðaustur. Ljósmynd
Hildur Gestsdóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2024

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit	
Grunnupplýsingar	3
Útdráttur.....	5
Abstract.....	5
Inngangur	7
Saga og fyrri rannsóknir	7
Aðferðafræði	9
Uppgröftur	9
Gripir.....	9
Jarðvegssýni og fleyting.....	10
Niðurstöður	11
Skurður 1.....	12
Skurður 2	14
Skurður 3	20
Skurður 4	22
Skurður 5	23
Gripir	25
Skurður 1.....	25
Leir	26
Gler.....	26
Járn	26
Kol	26
Annað	26
Skurður 2	26
Leir	26
Gler.....	26
Járn	26

Steinn	27
Kol	27
Annað	27
Skurður 3	27
Leir	27
Gler.....	27
Annað	27
Samantekt	27
Lokaorð.....	29
Heimildir	31
Viðaukar	33
Viðauki 1: Einingaskrá.....	33
Viðauki 2: Gripaskrá.....	35
Viðauki 3: Ljósmyndaskrá.....	38

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202208-0077.

Þjóðminjasafnsnúmer: 2022-63.

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: DA-198:005, DA-198:006, DA-198:015, DA-198:076, DA-198:080 - Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð.* FS618-16131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Stutt lýsing rannsóknar: Framkvæmdrannsókn vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Ólafsdal í Gilsfirði.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn, könnunarskurðir.


Staðsetning: Ólafsdalur í Gilsfirði.

GPS hnit: ISN93: 372543A, 549514N.

Rannsóknartími: 31. ágúst – 8. september 2022.

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir.

Fjöldi starfsmanna: 3.



Útdráttur

Frá árinu 2015 hefur Minjavernd staðið fyrir uppbyggingu á bæjarstæði gamla búnaðarskólans (1880-1907) í Ólafsdal í Gilsfirði. Sumarið 2022 fór fram rannsókn á fjórum áformuðum byggingarreitum á svæðinu, og var það í þriðja sinn síðan uppbygging hófst að slík rannsókn fór fer fram. Grafnir voru fimm prufuskurðir í byggingarreitina, og voru fimm skráðar fornminjar sérstaklega kannaðar. Þrjár þeirra voru grunnar af húsum frá búnaðarskólanum, Suðurhús (gamla skólahúsið), hjallur og hlaða. Tvær voru þústir sem skráðar voru á vettvangi en engar heimildir voru um. Grjóthlaðnir og steiptir grunnar húsana voru grafnir fram. Í öllum tilfellum sást einungis eitt byggingarstig og engin merki um eldri minjar. Þústirnar tvær reyndust vera seinni tíma rask á svæðinu en ekki fornminjar. Rannsóknir á bæjarstæði búnaðarskólans sem unnar hafa verið hingað til hafa sýnt fram á að ekkert virðist hafa verið byggt á þessu svæði áður en byggingar tengdar skólanum voru reistar, þó að Ólafsdalur hafi verið landnámsjörð.

Lykilorð: Forrannsókn, framkvæmdarannsókn, Ólafsdalur, Gilsfjörður, 19. öld, 20. öld.

Abstract

Currently there is ongoing work to rebuild the site of the old agricultural college (1880-1907) at Ólafsdalur in Gilsfjörður. This work has been carried out by Minjavernd, starting in 2015. The summer of 2022 an archaeological investigation was carried out on five new proposed construction site, the third time such a project has been carried out. Five trial trenches were excavated on the proposed sites, which meant that five archeological features which had been identified through archaeological survey were investigated. These included three structures associate with the agricultural school, Suðurhús (the oldest school building), a storage building and a byre. Two were features noted in the survey for which there were no documentary sources. The results of the investigation were that the stone- and concrete built foundations of the buildings were exposed. In all instances only one construction phase was seen, and no earlier archaeological deposits were seen. The two possible archaeological features recorded in the survey were however demonstrated to be the result of later disturbance of the area, not archaeological in

nature. The investigations to date on the site of the agricultural college have demonstrated that despite Ólafsdalur being a settlement site there appears to not have been any use of this part of the site prior to the construction of the school.

Keywords: Development led research, Ólafsdalur, Gilsfjörður, 19th Century, 20th Century.

Inngangur

Á vordögum 2022 höfðu forsvarsmenn Minjaverndar samband við Fornleifastofnun Íslands í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á fjórum byggingarreitum á bæjarstæði Ólafsdals í Gilsfirði, þar sem grafa þyrfti könnunarskurði á framkvæmdasvæðinu til að kanna umfang minja sem þar væri að finna, og var rannsóknin skipulögð í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Verkið hófst 31. ágúst 2022 og stóð til 8. september sama ár. Grafnir voru alls fimm könnunarskurðir með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings og þeir svo hreinsaðir með handafli og skráðir með uppmælingum, teikningum og ljósmyndum. Alls unnu þrjár fornleifafræðingar við rannsóknina, Hildur Gestsdóttir (leyfishafi), Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson. Hildur Gestsdóttir sá um úrvinnslu og skýrsluskrif, en naut aðstoðar Kristjönu Vilhjálmisdóttur við frágang og greiningu á gripum, og Jóhönnu Valgerðar Guðmundsdóttur og Stefáns Ólafssonar við kortagerð. Minjavernd fjármagnaði alla liði rannsóknarinnar.

Saga og fyrri rannsóknir

Samkvæmt Landnámabók nam Ólafur belgur land í Ólafsdal fyrstur manna.¹ Ólafsdals er einnig getið stuttlega í Fóstbræðrasögu og í Sturlungasögu.² Þetta auk fundur rústa frá víkingaöld innst í dalnum³ bendir til þess að Ólafsdalur hafi byggst snemma. Í nokkrum máldögum frá 13.-14. öld eru vísbendingar um að á þeim tíma hafi verið hálfkirkja í Ólafsdal, en þær heimildir eru ekki öruggar, og engar aðrar vísbendingar eru um að svo hafi verið. Þar fyrir utan er lítið minnst á Ólafsdal í skjölum frá miðöldum, og skemmst frá því að segja að fátt er vitað um sögu Ólafsdals í þær aldir sem jörðin hún hefur verið í byggð.⁴ Í Jarðabók Dalasýslu frá árinu 1708 kemur fram að hálf jörðin hefur lagst í eyði og bendir það til að þar hafi verið tvíbýli.⁵ Í lok 19. aldar tók Torfi Bjarnason við jörðinni og rak þar búnaðarskóla á árunum 1880-1907, hinn fyrsta á Íslandi, og setja mannvirki frá þeim tíma mjög mark sitt á landslagið, bæði húsaleifar, garðlög, áveituskurðir og beðasléttur svo eitthvað sé nefnt. Áfram var búið í Ólafsdal eftir að skólahaldi lauk, en tiltölulega litlu hefur verið raskað í túninu eftir að búnaðarskólinn leið undir lok. Jörðin fór í eyði árið 1968.⁶ Frá árinu 2015 hefur

¹ ÍF I, bls 159-160.

² ÍF VI, bls 196.

³ Sjá t.d. Hildur Gestsdóttir 2023.

⁴ Birna Lárusdóttir 2018, bls 11-12.

⁵ Ormur Daðason 1965, bls 1.

⁶ Birna Lárusdóttir 2018, bls 12.

Minjavernd staðið fyrir viðhaldi og uppbyggingu í Ólafsdal og endurreist hús og valin mannvirki sem hafa fallið eða verið rifin. Endurbyggingin miðast við tímabilið frá um 1900-1905 en um það eru góðar heimildir, bæði af ljósmyndum og túnakortum. Er fyrirhugað að endureisa bæði hús og önnur mannvirki á borð við vegi og áveitur.⁷

Fornleifaskráning Ólafsdals var unnin á árunum 2015-2017.⁸ Við þá vinnu fannst bæjarstæði frá víkingaöld og hafa rannsóknir staðið þar samfleytt frá árinu 2017.⁹ Fornleifarannsóknir hafa verið unnar tvisvar sinnum áður á bæjarstæði landbúnaðarskólans, árið 2019 þegar unnin var rannsókn vegna endurbyggingar fjóssins í Ólafsdal¹⁰ og árið 2020 þegar grafnir voru tveir prufuskurðir vegna byggingar tæknihúss og endurbyggingar smiðju.¹¹

⁷ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 5.

⁸ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016; Birna Lárusdóttir 2018.

⁹ Sjá t.d. Birna Lárusdóttir o.fl. 2018; Hildur Gestsdóttir 2022; Hildur Gestsdóttir 2023.

¹⁰ Jakob Orri Jónsson o.fl. 2019.

¹¹ Hólmfríður Sveinsdóttir 2020.

Aðferðafræði

Uppgröftur

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (*e. single context recording*), sem lýst er m.a. í uppgraftrarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹² Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafinn upp í þessari rannsókn. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (*e. Harris Matrix*), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftrar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Í þessari rannsókn voru einungis grafnir profuskurðir. Þeir voru grafnir með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings, og einungis stoppað þegar minjar komu í ljós, annars var grafið niður á forsöguleg jarðlög. Jarðlög í skurðunum voru skráð með sniðteikningum og ljósmyndum.

Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftrarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹³

¹² Lucas, 2003.

¹³ Lucas, 2003.

Jarðvegssýni og fleyting

Engin sýni voru tekin í þessari rannsókn.

Niðurstöður

Eins og fram hefur komið voru grafnir fimm prufuskurðir á bæjarstæði landbúnaðaraskólans í Ólafsdal. Á myndum 1 og 2 má sjá staðsetningar þessara skurða.



Mynd 1. Drónamynd af framkvæmdasvæðinu á meðan á rannsókn stóð. Vestur er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).




Mynd 2. Uppdráttur af könnunarskurðum. Uppmælingar úr fornleifaskráningu sýndar í ljósgrænu og appelsínugulu (kortagerð Hildur Gestsdóttir).

Skurður 1

Skurður 1 var 1 x 10,3 m með stefnu austur-vestur, 17 m suðaustan við skólahúsið, austan við bæjarlækinn (DA-198:064) sem veitt hefur verið í gegnum bæjarstæðið (sjá mynd 2). Markmiðið með þessum skurði var að kanna hvort minjar leyndust á áformuðum byggingarreit. Fast norðan við byggingarreitinn er einföld tóft (DA-198:080), nokkurn veginn ferhyrnd, 7 x 7 m. Ekki eru dyr sýnilegar á tóftinni, en hún stendur fast upp við lækjarfarveginn og ekki er ólíklegt að læknum hafi verið veitt inn í húsið til einhverra nota. Ekki er vitað hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur þjónað, en á ljósmynd frá 1900 sést torfhús á þessum stað. Fast austan við tóftina og tilvonandi byggingarreitinn má sjá beðasléttur (DA-198:069).¹⁴

¹⁴ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 34, 38.



Mynd 3. Skurður 1. Suðursnið (kortagerð Stefán Ólafsson).

Undir grasrót [101] í skurði 1 kom í ljós um 30 cm þykkt einsleitt jarðlag með kolaögunum og gripum frá fyrri hluta 20. aldar, þ.m.t. keramíki, gleri og járn. Þar fyrir neðan voru óhreyfð mjög lagskipt jarðlög [103-108] sem innihéldu forsögulega gjósku (sjá mynd 3). Það hversu lagskipt þessi jarðlög eru bendir til þess að þau hafi myndast í vatni og gæti það því bent til þess að þarna hafi verið mýrlent þegar þau voru að myndast (sjá mynd 4).



Mynd 4. Skurður 1, suðursnið. Horft í suður (Ljósmynd Stefán Ólafsson).

Skurður 2

Skurður 2 lá 6 m sunnan við skólahúsið í Ólafsdal og var með stefnu austur-vestur, 19 m langur (sjá mynd 2). Austustu 13 m voru 2 m breiðir, en vestustu 6 m voru 1 m á breidd. Markmiðið með þessum skurði var að skoða grunninn undan Suðrhúsi (DA-198:005), hjall sem skráður er á túnakorti frá 1905 (DA-198:015) og kanna svæði vestan við þessar minjar þar sem er áformaður byggingarreitur.

Suðrhús (DA-198:005) var eldra skólahúsið í Ólafsdal, sem var flutt á þennan grunn eftir að það skemmdist í óveðri árið 1895. Það sést á ljósmyndum frá 1900 og er merkt inn á túnakort árin 1905 og 1918. Það var endanlega rífið um 1980. Áður en rannsóknir hófust þá sáust útlínur grunnsins skýrt á yfirborði, og var hann um 8 x 6 m stór frá norðri til suðurs.¹⁵ Á túnakorti frá 1905 er merktur þurrkhjallur fast vestan við Suðrhús (DA-198:015). Talið er að hann hafi verið reistur fyrir 1899, en hann sést á ljósmynd frá 1900, þar virðist hann hafa verið vandað hús, snúið frá norðri til suðurs,


¹⁵ Birna Lárusdóttir & Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 12.

með inngang á norðurgafli. Hjallurinn var rifinn 1963. Fyrir rannsóknina vottaði óljóst fyrir grunninum í sléttu túni, og var hann um 7 x 3 m stór.¹⁶



Mynd 5. Yfirlitsmynd af skurði 1 eftir uppgröft. Suður er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

¹⁶ Birna Lárusdóttir & Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 20.




Mynd 6. Skurður 2. Suðursnið (kortagerð Stefán Ólafsson).

Í austurenda skurðarins var grunnur Suðurrhúss (DA-198:005) grafinn fram beint undan grasrót og yfirborðsmold [201] (sjá myndir 6, 7 og 8). Hann var 5,9 m breiður í skurðinum (austur-vestur), og virðist hafa verið gerður þannig að grafinn hefur verið húsgrunnur [219], einungis um 40 cm að dýpt ofan í yfirborð [203] austan megin og [217] vestan megin, sem hafa verið yfirborð á svæðinu þegar húsið var reist. Þétt ofan í grunn [219] hefur verið lagt grjótlag og því næst hlaðinn kantur úr stóru grjóti meðfram jöðrum grunnsins sem hefur myndað undirstöður fyrir útveggi hússins. Þessi grunnur hefur svo verið fylltur með minna, náttúrulegu grjóti [206]=[220]. Þetta grjótpúkk var um 70 cm þykkt og hefur gólfplata [205] verið steipt beint ofan á það. Gólfplatan er að miklu leyti varðveitt í skurðinum, um 12 cm þykk, en þó mjög sprungin (sjá mynd 7). Ofan á yfirborði [203] og upp að grjóthleðslu [206] austanmegin var gráleitt aðflutt malarlag [202], áþekkt því efni sem er í heimreiðinni austan við skólahúsið. Undir yfirborði [203] var rauðbrúnn malarkenndur jarðvegur [204], óhreyfður.



Mynd 7. Skurður 2. Grunnur af Suðurrhúsi (DA-198:005). Grjótpúkk [206] og steipt gólfplata [205]. Horft í austur (ljósmynd Stefán Ólafsson).



Mynd 8. Skurður 2. Grunnur af Suðurhúsi, vestursnið (kortagerð Stefán Ólafsson).

Um 1 m vestan við grunn Suðurhúss, beint undir grasrót [201] voru leifar af þurrkhjalli (DA-198:015), um 4 m á breidd í skurði 2 (sjá myndir 6 og 9). Hann var svipaður að gerð og skólahúsið en þó einfaldari. Það hefur verið grafinn grunnur [218] undir húsið, um 20 cm djúpur, og ofan í hann hlaðið ytra byrði úr stóru grjóti

[213]. Hleðsla þessi er aðeins varðveitt að vestanverðu (sjá mynd 9). Að innanverðu hefur svo verið fyllt með smærra grjóti blönduðu jarðvegi úr mól og torfi [212] og hefur þetta myndað undirstöður undir húsið. Vestann við grjótundirstöðurnar, í skurði [218] var annars vegar blandað torflag [211] austan megin og hins vegar malarlag með steypu og kolum [214]. Engin merki eru um að steipt gólf hafi verið í hjallinum. Grunnur [218] var grafinn niður í yfirborð [217] austan megin og [215], náttúrulegan moldarjarðveg vestan megin. Þessi tvö mannvirki eru því byggð á sama yfirborði og hafa því verið samtíða. Á milli grunnanna eru uppsöfnuð jarðlög, að öllum líkindum frá því að húsin voru í notkun, [209], dökkbrún malarkenndur jarðvegur og [210], mjög blandað jarðlag með torfsneplum og kolum. Undir yfirborðslögum sem grunnar húsanna eru skornir niður í er engin merki um mannvist, einungis um 15 cm þykk grófur og grýttur jarðvegur [216] ofan á náttúrulegum malarkambinum sem liggur undir bæjarstæðinu öllu. Húsin sem hafa staðið á þessum grunnni voru úr timbri, og sést það á ljósmyndum sem eru til af þeim (sjá mynd 10).



Mynd 9. Skurður 2. Grunnur undan hjalli (DA-198:015). Grjótpúkk [212]/[213]. Horft í austur (ljósmynd Stefán Ólafsson).



Mynd 10. Ólafsdalur í byrjun aldarinnar. Suðurhús og hjallur sjást á bak við skólahúsið, hægra megin á myndinni (mynd: Játvarður Jökull Júlíusson 1986).

Skurður 3

Skurður 3 var 1 x 10,6 m, með stefnu í suðaustur-norðvestur. Hann var staðsettur í brekkunni 12 m vestan við endurbyggða fjósið á bæjarstæði Ólafsdals. Skurðurinn var grafinn til að kanna hvort eldri minjar væru undir hlöðu (DA-198:006) og athuga dæld (DA-198:016) sem eru báðar inni á áformuðum byggingarreit á þessu svæði (sjá líka umfjöllun um skurð 4).

Hlaða (DA-198:006) var skráð á túnakorti frá 1918, skammt vestan við fjósið (DA-198:004), og sést vel á ljósmynd frá því skömmu eftir 1900. Á eldri túnakortum (1884 og 1888) sést bygging á sama stað, en sú hefur líklega ekki náð eins langt í suður. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta eldra hús hefur þjónað, en á þeim tíma var fjósið ekki risið. Áður en rannsókn hófst sást steypdur grunnur hlöðunnar vel, 13 x 4,5 m, og ekki alveg samsíða fjósinu, með stefnu norðvestur-suðaustur.¹⁷ Um 7 m vestan við norðurenda hlöðunnar var skráð dæld (DA-198:016). Dældin var undir 2 m háum bakka, 3 x 1 m og 0,4 m djúp. Í fornleifaskráningu er tekið fram að á túnakortum frá 1905 og 1918 hafi verið nokkur mannvirki, en ekkert þeirra komi heim og saman við þessa dæld.¹⁸

Hlaða DA-198:006 hefur verið byggð á svipaðan hátt og gamla skólahúsið DA-198:005 og fjósið,¹⁹ grafinn hefur verið grunnur fyrir húsinu og sett niður grjótpúkk sem veggir og gólf hlöðunnar hafa verið steipt beint ofan á (sjá mynd 11). Vestan við húsið, var þykkt grúsblandað lag [302] undir yfirborðslagi [301] (sjá myndir 12 og 13). Í því var töluvert af nútímagripum, þar með taldar plastumbúðir af MS vörum frá 9. áratug síðustu aldar. Vesturendi jarðlags [302] myndar bakkann sem nefndur er hér að ofan. Undir og í jarðlagi [302] voru torfkögglar [307], mest um 0,6 x 0,3 m á stærð, með gjósku [305] í. Undir því má sjá grátt gjóskulag [305], að öllum líkindum Heklugjósku frá 1693, sem er eina sögulega gjóskan sem fundist hefur á þessum slóðum.²⁰ Engin merki um mannvist er að finna undir gjóskunni.

¹⁷ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 16.


¹⁸ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 20.

¹⁹ Jakob Orri Jónsson o.fl. 2019.

²⁰ Sjá t.d. Lilja Björk Pálsdóttir 2019.



Mynd 11. Skurður 3, austurendi. Sjá má steiptan vegg og grjótundirstöður í hlöðu DA-198:006. Suður er upp (Ljósmynd Hildur Gestsdóttir).



Mynd 12. Skurður 3. Norðursnið (kortagerð Stefán Ólafsson).

Ljóst er að einhvern tíma á 9. áratug síðustu aldar hefur jarðvegi verið rutt ofan af bæjarhólnum og niður brekkuna neðan við fjósið, ekki óhugsandi að það hafi verið gert um svipað leyti og gamla skólahúsið var rifið. Við þennan gjörning hefur bakkinn sem nefndur er í fornleifaskráningunni myndast. Ekki var að sjá neitt manngert í dæld DA-198:016, sem hefur líklegast myndast þegar jarðveginum var rutt fram af brekkunni. Engin merki eru um mannvist á svæðinu eldri en byggingu hlöðunnar.



Mynd 13. Skurður 3, norðursnið. Horft í norðvestur (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Skurður 4

Skurður 4 var 1 x 7,3 m með stefnu í norðvestur-suðaustur. Hann var staðsettur í brekkunni vestan við endurbyggða fjósið, 5,5 m norðan við skurð 3 (sjá mynd 2). Skurðurinn var grafinn til að kanna litla tóft (DA-198:076) sem þar var skráð, og var innan sama byggingarreits og minjarnar í skurði 3. Tóftin lá utan í sama bakka og tóft DA-198:080, var frekar óregluleg, um 6 x 4 m. Hún var niðurgrafin og ekki mátti sjá

neinar dyr. Á túnakortum frá 1905 og 1918 má sjá nokkur hús á þessum slóðum, en þessi tóft virðist ekki passa við neitt þeirra.²¹

Í ljós kom að ekki er um að ræða fornminjar, en í skurðinum var klóakrör (sjá mynd 14), og tóftin sem skráð var á yfirborði reyndist vera uppmokstur tengdur því. Miðað við stefnuna á rörinu virðist það hafa verið tengt inn í fjósið, og hefur hugsanlega þjónað sem frárennsli frá því. Ekki var hróflað við rörinu, en skurðurinn skráður með ljósmyndum og uppmælingu.



Mynd 14. Skurður 4, suðvesturendi. Klóakrör. Norðvestur er upp (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

Skurður 5

Skurður 5 var 1 x 7,4 m, með stefnu í norðvestur-suðvestur. Hann var staðsettur í túninu um 8 m norðan við skurð 4 (sjá mynd 2). Ekki voru neinar skráðar minjar á

²¹ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, bls 36-37.

Þessu svæði, en ákveðið var að bæta þessum skurði við á vettvangi þar sem möguleiki er á að byggt verði á þessum reit.

Engin merki um mannvist var að finna í skurðinum, um 50 cm af yfirborðsjarðvegi og grúsblönduð mold ofan á forsögulegum malarbakka (sjá mynd 15). Skurðurinn var því einungis skráður með ljósmyndum.




Mynd 15. Skurður 5, suður snið. Horft í suður (ljósmynd Stefán Ólafsson).

Gripir

Kristjana Vilhjálmsdóttir

Alls voru skráðir 93 gripir og tvö dýrabein, undir 24 fundarnúmerum, við framkvæmdarannsóknina í Ólafsdal 2022. Flestir fundanna, 76 talsins (80,0%) eru úr skurði 2. Úr skurði 3 komu 10 fundir (10,5%) en úr skurði 1 alls níu fundir (9,5%). Engir gripir fundust í skurðum 4 og 5. Yfir helmingur gripanna er úr gleri, 49 talsins, og var töluverður munur á fjölda glergripa og næstalgengustu efnisflokka, en 12 gripir fundust úr leir og 11 úr málm. Skiptingu funda eftir svæðum og efnisflokkum má sjá í grafi 1. Allir málmgripir sem fundust voru úr járni og voru þeir flestir ágætlega varðveittir. Lítið fannst af lífrænum efnum, aðeins tvö dýrabein, eitt úr skurði 2 og annað úr skurði 3.

Graf 1: Fjöldi gripa eftir efnisflokkum og svæðum



Skurður 1

Í skurði 1 fundust níu gripir, allir í lagi [102].

Leir

Tvö leirkersbrot, líklega úr tveimur ílátum en skráð saman undir <2022-63-03>, fundust í skurði 1. Annað þeirra er líklega úr skál sem hefur verið spengd, og er gat eftir viðgerðina nærri brún. Hitt brotið er af botni, líklega af disk eða skál. Auk þess fannst eitt brot af rauðum múrsteini <2022-63-04>.

Gler

Eitt brot af rúðugleri <2022-63-02> fannst í skurðinum, 1,8 mm á þykkt.

Járn

Einn gripur úr járnri fannst í skurði 1, nagli <2022-63-01>. Hann er nokkuð tærður en virðist verksmiðjuframleiddur.

Kol

Tveir kolamolar <2022-63-06> fundust í skurði 1, báðir viðarkol.

Annað

Að auki fundust í skurðinum tvö brot af tjörupappa <2022-63-05>.

Skurður 2

Í skurði 2 fundust 75 gripir, auk eins dýrabeins, allir í yfirborðslögum [201] og [223].

Leir

Sex leirkersbrot fundust í skurði 2, skráð á <2022-63-11> og <2022-63-13>. Flest brotanna eru úr hvítum jarðleir, en eitt úr rauðleir og eitt úr postulíni. Brotin eru úr a.m.k. fjórum ílátum, þar á meðal einn diskur. Að auki fannst eitt brot af gólf- eða veggflís <2022-63-12> og eitt brot af rauðum múrsteini <2022-63-14>

Gler

Alls voru 42 glergripir í skurði 3. Þar af voru 41 brot af rúðugleri <2022-63-09>, um 2-3 mm á þykkt.

Eitt brot af gleríláti fannst í skurðinum, það eina sem fannst við rannsóknina. Brotið er brúnt, líklega úr flösku.

Járn

Tíu gripir úr járnri fundust í skurði 2, skráðir á númer <2022-63-07> og <2022-63-008>. Flestir þeirra eru naglar, þar af fimm vírnaglar, tveir naglar sem mögulega eru

Þaknaglar og einn stór nagli eða bolti. Hinir járngripirnir tveir eru annars vegar vírbútur og hins vegar sinkill, notaður til að festa samskeyti, s.s. á timburverki.

Steinn

Einn gripur úr flögubergi fannst við rannsóknina og var það lítið brot af enda á griffli <2022-63-15>.

Kol

Sjö brot af steinkolum fundust í skurði 2, misjöfn að stærð en alls um 126 g.

Annað

Að auki fundust í skurðinum sjö lítil brot af tjörupappa <2022-63-16> og <2022-63-17>.

Skurður 3

Í skurði 3 fundust níu gripir og eitt dýrabein, allir úr jarðlagi [302].

Leir

Engin leirker fundust í skurði 3 en eini leirgripurinn í skurðinum var lítið brot af rauðum múrsteini <2022-63-21>.

Gler

Sex brot af rúðugleri <2022-63-20> fundust í skurði 3, nokkuð misjöfn að þykkt, frá 1,7-4,2 mm.

Annað

Hlutar af tveimur plastílátum <2022-63-22> fundust í skurði 3, annars vegar askja af rauðu Létt og laggott, en framleiðsla á því hófst árið 1988²², og hins vegar brot af plastdöllu undan Svarta Péturs lakkrísjógurt sem framleitt var af MS á níunda áratug síðustu aldar.²³

Samantekt

Allir gripir sem fundust við rannsóknina komu úr yfirborðslögum og eru þeir líkast til flestir ef ekki allir frá 20. öld, en gætu að hluta mögulega teygst sig aftur til loka 19. aldar. Gripirnir eru einkum hlutar byggingarefnis eða tengjast smíðum á einhvern hátt

²² “Hætta að framleiða Létt og Laggott” 2018.

²³ *Sarpur* (án dagsetningar).

– s.s. rúðugler, múrsteinar, þakpappi, naglar. Að öðru leyti tengjast gripirnir almennu heimilishaldi – ílát, kol – en einn grip má þó mögulega tengja við skólahald, griffil <2022-63-15>.

Lokaorð

Mannvistarleifar fundust einungis í tveimur skurðum í Ólafsdal, skurðum 2 og 3. Í skurði 2 voru grafnir fram grjóthlaðnir grunnar af Suðurhúsi og hjalli og í skurði 3 grunnur af hlöðu. Í ljós kom að þessi hús hafa verið byggð á svipaðan hátt, grafinn hefur verið grunnur og þar hlaðnar undirstöður úr grjóti, sem húsin hafa verið reist á. Engir aldursgreinanlegir gripir fundust í þessum mannvirkjum, en þetta eru allt leifar af þekktum húsum sem heimildir eru fyrir að hafi verið byggð í kringum aldamótin 1900.²⁴ Í öllum þessum mannvirkjum virðist einungis vera eitt byggingarstig, og ekki fundust nein merki um eldri mannvist í skurðum 2 og 3.

Í tveimur tilvikum var sýnt fram á að mögulegar minjar skráðar í fornleifaskráningu Ólafsdals voru orsakaðar af seinni tíma raski og því ekki um fornleifar að ræða. Þetta voru annars vegar dæld DA-198:016, (skurður 3) og tóft DA-198:076, (skurður 4).²⁵

Helstu niðurstöður sem leiða má af þeim rannsóknum sem hafa farið fram á bæjarstæði skólahússins í Ólafsdal²⁶ til þessa eru að þó að byggð hafi verið jörðinni frá því á landnámsöld,²⁷ virðist ekki hafa verið byggt á þessu svæði fyrr en að hús tengd skólanum eru resit þar á seinni hluta 19. aldar. Þar áður hefur svæðið að líkindum verið að mestu ógróinn malarhryggur sem liggur nokkurn veginn norður-suður, og hefur löggun hans að einhverju leyti stjórnað því hvernig bæjarstæðið var byggt upp. Áður en það er gert virðast hús á svæðinu hafa flest staðið austar, líklegast í kringum gamla bæjarhólinn sem er um 100 m austan við skólahúsið.²⁸ Einhvern tíman á 9. áratug síðustu aldar virðist sem að jarðvegi hafi rutt fram af vesturbrún suðurenda hryggjarins, frá því svæði sem fjósið og hlaðan stóðu. Hefur þetta orsakað það að bakki hefur myndast í brekkunni, og hún því töluvert brattari en hún var áður.

²⁴ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016.

²⁵ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016.

²⁶ Sjá Jakob Orri Jónsson o.fl. 2019; Hólmfríður Sveinsdóttir 2020.

²⁷ Birna Lárusdóttir 2018, 11-12.

²⁸ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, 11-12

Heimildir

- Birna Lárusdóttir. 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu*. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Stefán Ólafsson. 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarbæjarstæði í Ólafsdal*. FS685-17231. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. FS618-16131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Hólmfríður Sveinsdóttir. 2020. *Framkvæmdarannsókn vegna endurbyggingar smiðju og fyrirhugaðrar byggingar tæknihúss í Ólafsdal*. FS808-20341. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir. 2022. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2021. 4. áfangi*. FS891-18124. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir. 2023. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2022. 5. áfangi*. FS924-18125. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- „Hætta að framleiða Létt og Laggott eftir 30 fitusnaud ár með íslensku þjóðinni.“ 19. mars 2018. *Nútíminn*. Sótt af <https://www.nutiminn.is/frettir/haetta-ad-framleida-lett-og-laggott-efir-30-fitusnaud-ar-med-islensku-thjodinni/> (sótt 21.11.2023).
- ÍF I:** 1968. *Íslensk fornrit I. Íslendingabók – Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- ÍF VI:** 1943. *Íslensk fornrit VI. Vestfirðingasögur*. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Jakob Orri Jónsson, Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. 2019. *Forkönnun vegna framkvæmda við fjós í Ólafsdal við Gilsfjörð*. FS755-19181. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Játvarður Jökull Júlíusson. 1986. *Saga Torfa Bjarnsonar og Ólafsdalsskóla*. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.
- Lilja Björk Pálsdóttir. 2019. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2019. 2. áfangi*. FS777-18122. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Ormur Daðason. 1965. *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*. Sögufélagið, Reykjavík.
- Sarpur* (án dagsetningar). Mennigarsögulegur gagnagrunnur. Færsla <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=692223> (sótt 4.12.2023).

Viðaukar

Viðauki 1: Einingaskrá

Eining	Svæði	Teg.	Lýsing	Dags.	ID
101	SK1	D	Grasrót, yfirborð.	3.9.2022	SÓ
102	SK1	D	Lífhreyft einsleitt jarðlag með kolaögnum, dökkbrúnt.	3.9.2022	SÓ
103	SK1	D	Lagskipt jarðlag, rauðgult og dökkbrúnt með gráum röndum - að öllum líkindum óhreyft.	3.9.2022	SÓ
104	SK1	D	Lagskipt jarðlag efst, en gráleitt, ljóst og vindblásið. Að neðan er það dökkbrúnt. Óhreyft.	3.9.2022	SÓ
105	SK1	D	Hvít gjóska?, 1-1,5 þykk - þykkar eftir því sem austar dregur.	3.9.2022	SÓ
106	SK1	D	Brúnt og rauðgult jarðlag, óhreyft. Nokkuð vindblásið.	3.9.2022	SÓ
107	SK1	D	Hvít gjóska? 0,5-2 cm á þykkt.	3.9.2022	SÓ
108	SK1	D	Lagskipt jarðlag, rauðgult og ljósbrúnt efst, dökkgrátt og svo rauðljósbrúnt neðst.	3.9.2022	SÓ
201	SK2	D	Grasrót, yfirborð.	2.9.2022	SÓ
202	SK2	D	Gráleitt malarleg eða grúsefni notað í heimreiðina austan við skólahúsið.	2.9.2022	SÓ
203	SK2	D	Gamalt yfirborð, grasrót.	2.9.2022	SÓ
204	SK2	D	Rauðbrúnn malarkenndur jarðvegur, sennilega óhreyfður.	2.9.2022	SÓ
205	SK2	D	Steypt gólfplata, slétt að ofan en undir er grjótpúkk og virðist sem steypan hafi bara verið sett beint ofan á það. Sjálf steypan er u.þ.b. 5-9 cm á þykkt.	2.9.2022	SÓ
206	SK2	D	Grjóthleðsla sem afmarkar ytri brún austurhliðar gamla skólahússins.	2.9.2022	SÓ
207	SK2	D	Steyptur kantur, 13 cm á hæð og 20 cm á breidd.	2.9.2022	SÓ
208	SK2	D	Torfhleðsla, dökkbrún og rauðgul.	2.9.2022	SÓ
209	SK2	D	Dökkbrúnn malarkenndur jarðvegur.	2.9.2022	SÓ
210	SK2	D	Mjög blandað jarðlag með torfsneplum og kolum.	2.9.2022	SÓ
211	SK2	D	Torflag blandað, mjög dökkt fjólublátt og rauðgult.	2.9.2022	SÓ
212	SK2	D	Torf og grjót. Grjótið myndar ekki stétt, heldur virðist sem torfinu og grjótinu sé blandað saman.	2.9.2022	SÓ
213	SK2	D	Grjóthleðsla, ytri brún vesturhliðar hjalls.	2.9.2022	SÓ
214	SK2	D	Malarlag blandað steypu og kolum.	2.9.2022	SÓ
215	SK2	D	Einsleitur dökkbrúnn moldarjarðvegur, óhreyfður.	2.9.2022	SÓ
216	SK2	D	Mjög grófur og grýttur jarðvegur, óhreyfður.	2.9.2022	SÓ
217	SK2	D	Brúnt malarlag, grýtt og gróft. Sambærilegt við [216].	2.9.2022	SÓ
218	SK2	C	Skurður fyrir torflag [211].	2.9.2022	SÓ
219	SK2	C	Skurður fyrir hleðslu [218].	2.9.2022	SÓ
220	SK2	D	Grjóthleðsla, ytri brún vesturhliðar gamla skólahúss.	2.9.2022	SÓ
221	SK2	C	Skurður fyrir fjóra lágspennukapla. Sama og [221].	2.9.2022	SÓ
222	SK2	D	Skurður fyrir fjóra lágspennukapla. Sama og [222].	2.9.2022	SÓ

Eining	Svæði	Teg.	Lýsing	Dags.	ID
223	SK2	D	Grasrót, sama og [201].	2.9.2022	SÓ
301	SK3	D	Torf í grófri grábrúnni grús.	7.9.2022	SBG
302	SK3	D	Gróf grá grús.	7.9.2022	SBG
303	SK3	D	Leirríkt og mjúkt dökkbrúnt lífrænt lag, líklega grafið yfirborðslag/torf.	7.9.2022	SBG
304	SK3	D	Mjúk og fíbnlönduð grábrún leirkennd mold.	7.9.2022	SBG
305	SK3	D	Gjósukulag, svart og sendið <0,5 cm á þykkt.	7.9.2022	SBG
306	SK3	D	Rauðleitir fínn siltkenndur jarðvegur, rauðbrúnn. Vottur af sandi.	7.9.2022	SBG
307	SK3	D	Torf með gjósku = [305]?	7.9.2022	SBG
308	SK3	D	Óhreift.	7.9.2022	SBG

Viðauki 2: Gripaskrá

Númer	Svæði	Eining	Efni 1	Efni 2	Tegund	Lýsing	Þyngd	Fjöldi	Dags.	ID	Skráð af
2022-63-01	SK1	102	Málmur	Járn	Nagli	Járnnaqli, líklega heill. Boginn, lengd ca 10 cm. Kringlóttur haus.	16,77	1	3.9.22	SÓ	KV
2022-63-02	SK1	102	Gler		Rúða	Brot af rúðugleri, 1,8 mm á þykkt.	3,81	1	3.9.22	SÓ	KV
2022-63-03	SK1	102	Leir	Jarðleir	Ílát	Leirkersbrot. Hvítur jarðleir, hvítglerjað. A) Af botni. Líklega diskur eða skál. B) Af brún, með gati eftir viðgerð. Líklega skál.	46,17	2	3.9.22	SÓ	KV
2022-63-04	SK1	102	Leir		Múrsteinn	Múrsteinsbrot, rautt. Af hlið, full mál ekki greinanleg.	64,17	1	3.9.22	SÓ	KV
2022-63-05	SK1	102	Tjörupappi		Tjörupappi	Tvö brot af tjörupappa.	9,73	2	3.9.22	SÓ	KV
2022-63-06	SK1	102	Kol	Viðarkol	Viðarkol	Tveir molar af viðarkolum.	2,13	2	3.9.22	SÓ	KV
2022-63-07	SK2	201	Málmur	Járn	Nagli	Þrjú vírnaglar. A) Heill, boginn, ca 10 cm á lengd. B) Heill, boginn, ca 5 cm á lengd. C) Með haus en brotið af legg.	15,53	3	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-08	SK2	223	Málmur	Járn	Nagli, sinkill, vír	Ýmsir járngríp. A) Stór nagli/bolti, 17 cm á lengd. B) Vírnagli, heill, boginn, ca 10 cm á lengd. C) Vírnagli, heill, boginn, ca 7 cm á lengd. D) Tveir naglar, mögulega þaknaglar, ca 7 cm á lengd. E) Sinkill, 14,5 cm á breidd, 9 cm á lengd. F) Snúinn vírbútur, 4 mm í þvermál.	214,58	7	2.9.22	SÓ	KV

Númer	Svæði	Eining	Efni 1	Efni 2	Tegund	Lýsing	Þyngd	Fjöldi	Dags.	ID	Skráð af
2022-63-09	SK2	201	Gler		Rúða	41 brot af rúðugleri, 2-3 mm á þykkt.	205,64	41	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-10	SK2	201	Gler		Ílát	Ílát, brúnt. Brot af hlið, við botn. Með saumi. Líklega flaska.	6,5	1	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-11	SK2	201	Leir	Postulín, jarðleir	Ílát	Fimm leirkersbrot. A) Postulín. Brot af botni. Líklega diskur. Hluti af merki greinanlegur "...ZYCH/...ND" B) Hvítur jarðleir, hvítglerjað. Þrjú þykk brot, líklega sama ílát. Tvö af brún, annað með litlum hnúð. C) Hvítur jarðleir, hvítglerjað. Brot af hlið, með munstri.	98,43	5	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-12	SK2	201	Leir	Jarðleir	Flís	Brot af leirflís, 13,7 mm á þykkt. Önnur hlið hvítglerjuð.	29,32	1	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-13	SK2	201	Leir	Jarðleir	Ílát	Leirkersbrot, rauðleir, af brún. Óglerjað.	3,03	1	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-14	SK2	201	Leir		Múrsteinn	Múrsteinsbrot, rautt. Af horni, full mál ekki greinanleg.	371,22	1	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-15	SK2	223	Steinn	Flöguberg	Griffill	Brot af griffli. Annar endi óbrotinn, flatur. 8 mm í þvermál.	1,35	1	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-16	SK2	201	Tjörupappi		Tjörupappi	Sex bútar af tjörupappa.	5,1	6	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-17	SK2	223	Tjörupappi		Tjörupappi	Brot af tjörupappa.	1,71	1	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-18	SK2	223	Kol		Steinkol	Steinkol, sjö brot.	125,84	7	2.9.22	SÓ	KV
2022-63-19	SK2	201	Bein	Dýrabein	Dýrabein	Dýrabein	4,43	1	2.9.22	SÓ	KV

Númer	Svæði	Eining	Efni 1	Efni 2	Tegund	Lýsing	Þyngd	Fjöldi	Dags.	ID	Skráð af
2022-63-20	SK3	302	Gler		Rúða	Sex brot af rúðugleri, 1,7-4,2 mm á þykkt.	29,66	6	7.9.22	SGB	KV
2022-63-21	SK3	302	Leir		Múrsteinn	Lítið múrsteinsbrot, rautt.	3	1	7.9.22	SGB	KV
2022-63-22	SK3	302	Plast		Ílát	Tvö plastílát. A) Askja af Létt og laggott. Rauðar umbúðir. Framleitt frá 1988. B) Brot af plastdöllu undan Svarta Péturs lakkrísjógúrt frá MS.	10,17	2	7.9.22	SGB	KV
2022-63-23	SK3	30	Bein	Dýrabein	Dýrabein	Dýrabein.	51,46	1	7.9.22	SGB	KV

Viðauki 3: Ljósmyndaskrá

Rammi	Tegund	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID
281	Ljósmynd	SK1	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	31.8.22	SÓ
282	Ljósmynd	SK1	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	31.8.22	SÓ
283	Ljósmynd	SK2	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	31.8.22	SÓ
284	Ljósmynd	SK2	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	31.8.22	SÓ
285	Ljósmynd	SK3	N	Torf við norðursnið í botni skurðar.	1.9.22	SÓ
286	Ljósmynd	SK3	N	Torf við norðursnið í botni skurðar.	1.9.22	SÓ
287	Ljósmynd	SK3	S	Staðseningarmynd torfs í skurði 3.	1.9.22	SÓ
288	Ljósmynd	SK3	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	1.9.22	SÓ
289	Ljósmynd	SK3	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	1.9.22	SÓ
290	Ljósmynd	SK3	V	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	1.9.22	SÓ
291	Ljósmynd	SK4	A	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	1.9.22	SÓ
292	Ljósmynd	SK4	A	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	1.9.22	SÓ
293	Ljósmynd	SK4	S	Saurrenna frá fjósi.	1.9.22	SÓ
294	Ljósmynd	SK4	A	Saurrenna frá fjósi.	1.9.22	SÓ
295	Ljósmynd	SK4	V	Saurrenna frá fjósi.	1.9.22	SÓ
296	Ljósmynd	SK4	N	Saurrenna frá fjósi.	1.9.22	SÓ
297	Ljósmynd	SK4	A	Saurrenna frá fjósi.	1.9.22	SÓ
298	Ljósmynd	SK5	A	Yfirborð rannsóknarsvæðis.	1.9.22	SÓ
299	Ljósmynd	SK2	SA	Kaplar grunnt undir sverði.	1.9.22	SÓ
300	Ljósmynd	SK2	SA	Kaplar grunnt undir sverði.	1.9.22	SÓ
301	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
302	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
303	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
304	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
305	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
306	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
307	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
308	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
309	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
310	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
311	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
312	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
313	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
314	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
315	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
316	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ

Rammi	Tegund	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID
317	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
318	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
319	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
320	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
321	Ljósmynd	SK2	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
322	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi.	2.9.22	SÓ
323	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi.	2.9.22	SÓ
324	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi.	2.9.22	SÓ
325	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi.	2.9.22	SÓ
326	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi.	2.9.22	SÓ
327	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
328	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
329	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
330	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
331	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
332	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
333	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
334	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á hjalli.	2.9.22	SÓ
335	Ljósmynd	SK2	S	Botn skurðar, hjallur.	2.9.22	SÓ
336	Ljósmynd	SK2	S	Botn skurðar, hjallur.	2.9.22	SÓ
337	Ljósmynd	SK2	V	Horft yfir hjall, botn skurðar.	2.9.22	SÓ
338	Ljósmynd	SK2	V	Horft yfir skurð 2.	2.9.22	SÓ
339	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi án skala.	2.9.22	SÓ
340	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi án skala.	2.9.22	SÓ
341	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi án skala.	2.9.22	SÓ
342	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi án skala.	2.9.22	SÓ
343	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi, vinnumynd.	2.9.22	SÓ
344	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi, vinnumynd.	2.9.22	SÓ
345	Ljósmynd	SK2	V	Vestursnið á skólahúsi, vinnumynd.	2.9.22	SÓ
346	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi, vinnumynd.	2.9.22	SÓ
347	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi, vinnumynd.	2.9.22	SÓ
348	Ljósmynd	SK2	A	Austursnið á skólahúsi, vinnumynd.	2.9.22	SÓ
349	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
350	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
351	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
352	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
353	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ

Rammi	Tegund	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID
354	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
355	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
356	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
357	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
358	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
359	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
360	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
361	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
362	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
363	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
364	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
365	Ljósmynd	SK5	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
366	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
367	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
368	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
369	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
370	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
371	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
372	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
373	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
374	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
375	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
376	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
377	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
378	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
379	Ljósmynd	SK1	S	Suðursnið.	2.9.22	SÓ
380	Ljósmynd	SK1	S	Vinnumynd.	3.9.22	SÓ
381	Ljósmynd	SK1	S	Vinnumynd.	3.9.22	SÓ
382	Ljósmynd	SK1	S	Vinnumynd.	3.9.22	SÓ
383	Ljósmynd	SK1	S	Vinnumynd.	3.9.22	SÓ
384	Ljósmynd	SK1	S	Gripir.	3.9.22	SÓ
385	Ljósmynd	SK3	SV	Yfirlitsmynd.	8.9.22	HG
386	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið.	8.9.22	HG
387	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG
388	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG
389	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG
390	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG

Rammi	Tegund	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID
391	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG
392	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG
393	Ljósmynd	SK3	NV	Norðvestursnið - torf & gjóska.	8.9.22	HG
394	Ljósmynd	SK3	NA	Vinumynd.	8.9.22	HG
395	Ljósmynd	SK3	NA	Vinumynd.	8.9.22	HG
DJI_0004	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0005	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0006	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0007	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0008	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0009	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0010	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0011	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0012	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0013	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0014	Drónam.	3-5	SV	Yfirlit, skurðir 3-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0015	Drónam.	2-5	SV	Yfirlit, skurðir 2-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0016	Drónam.	2-5	SV	Yfirlit, skurðir 2-5 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0017	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0018	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0019	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0020	Drónam.	Öll	SV	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0021	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0022	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0023	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0024	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0025	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0026	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0027	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0028	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0029	Drónam.	Öll	SA	Yfirlit af svæði – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0030	Drónam.	SK3	S	Skurður 3 - yfirlit lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0031	Drónam.	SK3	S	Skurður 3 - yfirlit lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0032	Drónam.	SK3	S	Skurður 3 - yfirlit lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0033	Drónam.	SK3	A	Austurendi skurðar 3 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0034	Drónam.	SK3	A	Austurendi skurðar 3 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0035	Drónam.	SK3	N	Skurður 3 - gamla skólahúsið – lóðrétt.	8.9.22	HG

Rammi	Tegund	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID
DJI_0036	Drónam.	SK3	N	Skurður 3 - gamla skólahúsið – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0037	Drónam.	SK3	N	Skurður 3 - gamla skólahúsið & hjallur – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0038	Drónam.	SK3	N	Skurður 3 - gamla skólahúsið & hjallur – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0039	Drónam.	SK3	N	Skurður 3 - hjallur – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0040	Drónam.	SK3	N	Skurður 3 - hjallur – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0041	Drónam.	SK3	V	Skurður 3 - yfirlit -skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0042	Drónam.	SK3	V	Skurður 3 - gamla skólahúsið – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0043	Drónam.	SK3	A	Skurður 3 - gamla skólahúsið – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0044	Drónam.	SK3	A	Skurður 3 - gamla skólahúsið – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0045	Drónam.	SK3	A	Skurður 3 - hjallur & gamla skólahúsið – skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0046	Drónam.	SK1	A	Skurður 1 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0047	Drónam.	SK1	N	Skurður 1 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0048	Drónam.	SK4	S	Skurður 4 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0049	Drónam.	SK4	S	Skurður 4 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0050	Drónam.	SK4	N	Skurður 4, klóakrör í austurenda-lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0051	Drónam.	SK4	A	Skurður 4, klóakrör í austurenda-skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0052	Drónam.	SK4	A	Skurður 4, klóakrör í austurenda-skáhalt.	8.9.22	HG
DJI_0053	Drónam.	SK3	NA	Skurður 3 & tóft DA-198:006 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0054	Drónam.	SK3	NV	Skurður 3 & tóft DA-198:006 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0055	Drónam.	SK3	NV	Skurður 3 & tóft DA-198:006 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0056	Drónam.	SK3	NV	Skurður 3 & tóft DA-198:006 – lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0057	Drónam.	SK3	NA	Hópmynd.	8.9.22	HG
DJI_0058	Drónam.	SK3	NA	Hópmynd.	8.9.22	HG
DJI_0059	Drónam.	SK3	NA	Skurður 3, norðausturendi & tóft DA-198:006 -lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0060	Drónam.	SK3	NA	Skurður 3, norðausturendi & tóft DA-198:006 -lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0061	Drónam.	SK3	NV	Skurður 3, norðausturendi & tóft DA-198:006 -lóðrétt.	8.9.22	HG
DJI_0062	Drónam.	SK3	SV	Skurður 3, norðausturendi & tóft DA-198:006 – lóðrétt.	8.9.22	HG